

## Hljóðmön við Reykjanesbraut - ERINDI

Til : Helga Stefánsdóttir  
Frá : sigurdur@vedurehf.is  
CC : mopar@simnet.is;holmfridur@vedurehf.is;Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir  
Heiti : Hljóðmön við Reykjanesbraut - ERINDI  
Málsnúmer : 1401405  
Málsaðili : Sigurður Þórður Ragnarsson  
Skráð dags : 13.01.2014 14:05:59  
Höfundur : sigurdur@vedurehf.is

### Helga Stefánsdóttir Hafnarfjarðarbæ

#### **ERINDI: Versnandi búsetuskilyrði íbúa við Einiberg, Setbergshverfi er næst hljóðmön við Reykjanesbraut búa - sig hljóðmanar**

Sæl vertu Helga.

Ég er íbúi í Einibergi 23 Hafnarfirði. Til mín hafa leitað nokkrir nágrannar vegna meints sigs á hljóðmöninni samsíða Reykjanesbrautinni og sem ætlað er að veita íbúum sem búa í nærsvæði við brautina viðunandi lífsgæði við og í híbýlum sínum. Af hverju þeir leituðu til mín skal ósagt látið - en undir erindi þeirra get ég tekið eftir um 6 vikna könnun mína á efni erindis þeirra. Mér er kunnugt að einhverjir íbúanna hafa verið í sambandi við þig.

Þegar Reykjanesbrautin var tvöfölduð á sínum tíma skilaði ég ásamt nágrönnum mínum inn athugasemdu í tengslum við að tvöfalda brautina með því að færa hana enn nær byggðinni N-megin. Gerði ég að umtalsefni að í byljóttum suðvestanáttum, skelli hljóðið frá bílaumferðinni frá veginum, niður hlémegin manar (líkt og alþekkt er með hviðustrauma í veðurfræði). Þessar áhyggjur mínar hafa því miður ræst að fullu, þrátt fyrir ábendingar ykkar á verkfræðilegum hljóðútreikningum ásamt meðfylgjandi hljóðdreifingarkortum.

Við skoðun sýnist mér m.v. eigin mæligögn liggja nærri (hæðarmælagögn byggð á GPS tækni) að mönin hafi sigið á bilinu 40-60 cm eftir mælistöðum. Þetta eitt skýrir hvers vegna skynstyrkur hljóðs er orðinn meiri en þegar brautin var lögð, þó vandamálið sé þó sér í lagi bundið við ákveðnar vindáttir.

Staðan er því sú að hávaðamengun frá Reykjanesbrautinni hefur vaxið hjá þeim íbúum sem næst möninni búa og þá sérstaklega í suðvestan áttum. Mælingar mínar á skynstyrk hljóðsins sýna að það slái yfir 85 dB þegar verst er sem er fullkomlega óviðunandi ætli menn að eiga samræður utandyra, bakatil í görðum þeirra húsa sem þarna standa. Þó ég geri mér grein fyrir að tvöföldun í hljóðstyrk gefi af sér aukningum um 3 dB í skynstyrk - þá er þetta vandamál í raun.

Vegna þessa óska ég formlega eftir því að trégrindverk sem nær frá hringtorgi við Einiberg 15 að 21 verði framlengt a.m.k. fram yfir Einiberg 25 jafnvel norðar, og er ég þá að miða við að ná til þess svæðis þar sem bílar eru að ná upp hraða eftir að hafa ekið hringtorgið. Hér erum við auðvitað fyrst og fremst að tala um stærri bíla, s.s. vöruflutningabíla sem eru lengi að ná upp hraða og gefa frá sér hærri hljóðstyrk en minni ökutæki. Þá er formlega farið fram á að hækka trégrindverk frá Einibergi 15-21 til að koma til móts við stöðu þeirra.

Ég hefi þegar rætt við Jónas Snæbjörnsson framkvæmdastjóra hjá Vegagerðinni og hann sagði trégrindverkið sem komið hefur verið fyrir ofan á hljóðmöninni vera bæjarins mál og gat því lítið orðið við umkvörtunarefni mínu og mínum nágrönnum.

Með góðum kveðjum,

Sigurður Þ. Ragnarsson / Sigurdur Th. Ragnarsson

framkvæmdastjóri V E Ð U R S ehf. / CEO

M.Sc. / jarð- og veðurfræðingur / Geo- and Meteorologist

Frétta og mannlífsvefur Hafnfirðinga, [www.h220.is](http://www.h220.is)

svæðisbundnar veðurspár / [www.vedurehf.is/vt.htm](http://www.vedurehf.is/vt.htm)

G S M/Mobile phone: 894-6810 / 354 894 6810

.....  
Þessi tölvupóstur og viðhengi hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa né skrá neinar upplýsingar eða notfæra á nokkurn hátt og tilkynna sendanda að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér (Sbr. 5. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti).